



Fundargerð stjórnar SOS nr. 340

Staður: Fundurinn er haldinn í fjarfundarbúnaði.

Dagsetning og tími: 2. desember kl. 10:00.

Mætt voru: Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), formaður, Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), Jón G. Valgeirsson (JGV) og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð, auk Ingunnar Jónsdóttur (IJ), framkvæmdastjóra SASS og Torfa Ragnars Sigurðssonar hrl. frá Lögmönnum Suðurlandi.

1. Breyting á starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Á aðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands bs. (SOS) þann 24. október sl. voru samþykktar tillögur stjórnar sem varða breytingu á umgjörð og rekstri SOS, sem þarfnast aðkomu SASS. Að fenginni afgreiðslu aðalfundar SOS vegna breytinganna hefur verið unnið að drögum að samningi á milli SASS og SOS henni til samræmis ásamt kostnaðargreiningu, viðauka við fjárhagsáætlun, starfslýsingu viðkomandi starfsmanns o.fl. Vinna þessi hefur átt sér stað með aðkomu formanna og varaformanna stjórna SASS og SOS í samvinnu við framkvæmdastjóra SASS ásamt því að fengin hefur verið aðkeypt lögfræðipjónusta vegna verkefnisins á kostnað SOS.

Torfi Ragnar Sigurðsson hrl. frá Lögmönnum Suðurlandi fer yfir fyrirbyggjandi drög að framangreindum gögnum með stjórn. Stjórn samþykkir að leggja eftirfarandi gögn til afgreiðslu á aukaaðalfundi SOS sem fyrirhugaður er eigi síðar en 12. janúar 2025.

- Tillaga að breytingu á samþykktum
- Kostnaðargreining
- Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun
- Drög að starfslýsingu v. fyrirhugaðrar ráðningar í stöðugildi hjá SASS til að sinna verkefnum SOS
- Drög að samningi milli SOS og SASS

Formanni er falið að leggja drög að dagskrá aukaaðalfundarins fyrir næsta fund stjórnar.

Stjórn samþykkir jafnframt fyrirbyggjandi drög að erindi til SASS vegna breytinganna á umgjörð og rekstri SOS þar sem óskað er eftir því formlega við stjórn SASS að samþykkt verði aðkoma SASS að verkefninu í samræmi við fyrirbyggjandi ályktanir aðalfundar SOS og meðfylgjandi samningsdrög. Í framhaldinu verði málið sent til aðildarsveitarfélaga SASS til samþykktar og stefnt að því að afgreiðsla þeirra vegna málsins liggi fyrir á fyrirhugaðri tímasetningu aukaaðalfundar SOS 12. janúar 2025.

Formanni er falið að undirrita erindið og koma því á framfæri við stjórnarformann SASS.

2. Aukaaðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

Farið yfir tillögur að tímasetningum og dagskrá fyrir aukaaðalfund SOS v. fyrirtöku mála v. breytinga á starfsemi Sorpstöðvar Suðurlands bs. Í samræmi við afgreiðslu liðar nr. 1 hér að framan er fyrirhugað að leggja eftirfarandi gögn til afgreiðslu á aukaaðalfundi SOS sem áætlaður er 12. janúar 2025 í fjarfundarbúnaði.

- Tillaga að breytingu á samþykktum
- Kostnaðargreining
- Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun
- Drög að starfslýsingu v. fyrirhugaðrar ráðningar í stöðugildi hjá SASS til að sinna verkefnum SOS
- Drög að samningi milli SOS og SASS

3. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Næsti fundur stjórnar SOS er fyrirhugaður 10. desember nk. kl. 12.

Fundi slitið klukkan 11:10.